

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur með tölvupósti, dags. 2. mars 2020, óskað eftir svörum mennta- og menningarmálaráðuneytis við þremur spurningum varðandi frumvarp til laga um Menntasjóð námsmanna.

Ráðuneytið vill nota tækifærið og senda nefndinni jafnframt eftirfarandi feril frumvarpsins, en farið var eftir samþykktum ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og stjórnartillagna, sbr. 9. gr. reglna um starfshætti ríkisstjórnar, nr. 791/2018. Ferill frumvarps um Menntasjóð námsmanna var eftirfarandi:

- **26. september 2019**
 - Frumvarpsdrög send **fjármála- og efnahagsráðuneyti** til umsagnar og óskað upplýsinga um hvort ráðuneytið áformaði að veita sérstaka umsögn um fjárhagsmat frumvarpsins.
 - *Fjárhagsmat frumvarpa skal kynnt fjármála og efnahagsráðherra að jafnaði tveimur vikum áður en fyrirhugað er að leggja frumvarp fyrir ríkisstjórn.*
 - Frumvarpsdrög send **forsætisráðuneyti** til umsagnar.
- **18. október 2019**
 - Umsögn forsætisráðuneytis barst mennta- og menningarmálaráðuneyti.
 - *Fram kom að fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur ekki tilkynnt ráðuneytinu að það telji ástæðu til að veita umsögn um matið og eftir atvikum efnahagslega þýðingu frumvarpsins. Samkvæmt þessu eru meira en tvær vikur liðnar frá því fjármála- og efnahagsráðuneytinu var kynnt frumvarpið og er mennta- og menningarmálaráðuneytinu því rétt að gera ráð fyrir að ekki komi til þess að gefin verði umsögn á grundvelli 66. gr. laga um opinber fjármál, sbr. 10. gr. samþykktu ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og stjórnartillagna.*
- **22. október 2019**
 - Frumvarp til laga um Menntasjóð námsmanna lagt fram fyrir ríkisstjórn og samþykkt að leggja það sem stjórnarfrumvarp fyrir Alþingi.
- **28. október 2019**
 - Allir stjórnarflokkar búnir að samþykkja að leggja frumvarpsdrögin fyrir Alþingi.

Að því er varðar spurningar allsherjar- og menntamálanefndar þá eru svör ráðuneytisins eftirfarandi:

1. *Fram hefur komið að 27% lántakenda hafi ekki lokið námi við 35 ára aldur. Hver er samsetning hópsins yfir 35 ára m.t.t. námsgreina, búsetu, barneigna og kyns, samanborið við lántakendur yngri en 35 ára. Er eðlismunur á þessum tveimur hópum að öðru leyti en aldur?*

Mennta- og menningarmálaráðuneyti leitaði til LÍN vegna þessarar spurningar og eftirfarandi upplýsingar bárust frá stofnuninni. Ráðuneytið vill áréttta að þeir sem eru yfir 35 ára eiga sama rétt og aðrir á 30% niðurfellingu höfuðstóls, barnastyrk og öðrum styrkjum sem frumvarpið hefur í för með sér. Eini munurinn er að þessum hópi, þ.e. þeim sem eru eldri en 35 ára, stendur ekki til boða að endurgreiða námslán sín í samræmi við 21. gr. frumvarpsins.

Lánþegar yngri en 35 ára námsárið 2018-19

	Fjöldi	Hlutfall
Heildarfjöldi	4514	87%

Kyn	Fjöldi	Hlutfall
KK	1693	38%
KVK	2821	62%
Börn	Fjöldi	Hlutfall
Eiga barn/börn	1194	26%
Barnlaus	3320	74%
Fjöldi barna	Fjöldi	Hlutfall
0	3320	73,5%
1	648	14,4%
2	414	9,2%
3	120	2,7%
4	11	0,2%
5	1	0,0%

Lánþegar 35 ára og eldri námsárið 2018-19

	Fjöldi	Hlutfall
Heildarfjöldi	674	13%

Kyn	Fjöldi	Hlutfall
KK	193	29%
KVK	481	71%
Börn	Fjöldi	Hlutfall
Eiga barn/börn	507	75%
Barnlaus	167	25%
Fjöldi barna	Fjöldi	Hlutfall
0	167	24,8%
1	168	24,9%
2	199	29,5%
3	112	16,6%
4	22	3,3%
5	5	0,7%
8	1	0,1%

Námsstig (Fjöldi)	KK	KVK	Samtals
Grunnháskólanám	906	1455	2361
Framhaldsháskólanám	403	773	1176
Doktorsnám	9	12	21
Sérnám	300	227	527
Grunnháskólanám sem lýkur með framhaldsgráðu	74	354	428

Námsstig (Fjöldi)	KK	KVK	Samtals
Grunnháskólanám	58	152	210
Framhaldsháskólanám	88	240	328
Doktorsnám	6	12	18
Sérnám	39	54	93
Grunnháskólanám sem lýkur með framhaldsgráðu	2	23	25

Námsstig (Hlutfall)	KK	KVK	Samtals
Grunnháskólanám	20,1%	32,2%	52,3%
Framhaldsháskólanám	8,9%	17,1%	26,1%
Doktorsnám	0,2%	0,3%	0,5%
Sérnám	6,6%	5,0%	11,7%
Grunnháskólanám sem lýkur með framhaldsgráðu	1,6%	7,8%	9,5%

Námsstig (Hlutfall)	KK	KVK	Samtals
Grunnháskólanám	8,6%	22,6%	31,2%
Framhaldsháskólanám	13,1%	35,6%	48,7%
Doktorsnám	0,9%	1,8%	2,7%
Sérnám	5,8%	8,0%	13,8%
Grunnháskólanám sem lýkur með framhaldsgráðu	0,3%	3,4%	3,7%

Búseta (fjöldi)	KK	KVK	Samtals
Nám erlendis	520	740	1260
Höfuðborgarsvæðið	825	1428	2253
Landsbyggð	318	612	930
Erlent lögheimili	30	41	71

Búseta (fjöldi)	KK	KVK	Samtals
Nám erlendis	42	30	72
Höfuðborgarsvæðið	109	314	423
Landsbyggð	38	133	171
Erlent lögheimili	4	4	8

Búseta (hlutfall)	KK	KVK	Samtals
Nám erlendis	11,5%	16,4%	27,9%
Höfuðborgarsvæðið	18,3%	31,6%	49,9%
Landsbyggð	7,0%	13,6%	20,6%
Erlent lögheimili	0,7%	0,9%	1,6%

Búseta (hlutfall)	KK	KVK	Samtals
Nám erlendis	6,2%	4,5%	10,7%
Höfuðborgarsvæðið	16,2%	46,6%	62,8%
Landsbyggð	5,6%	19,7%	25,4%
Erlent lögheimili	0,6%	0,6%	1,2%

2. Varðandi kostnaðargreiningu á frumvarpinu og hver yrði áhættan fyrir ríkissjóð ef það yrði sett vaxtaþak á vexti námslána, 4% á verðtryggð lán og 9% á óverðtryggð lán?

Hafa þarf í huga að meginhugsunin er að lánakerfið sjálft standi fjárhagslega undir sér, sé sjálfbært. Til að svo megi vera þarf að gera ráð fyrir vaxtaálagi á vexti námslána upp á 0,6% til 0,8% til að mæta afföllum námslána. Þetta álag er skv. útreikningum Summu og Ríkisendurskoðunar. Þetta þarf að hafa í huga vegna þess að ef sett er vaxtaþak á námslán upp á 4% fyrir verðtryggð lán og 9% fyrir óverðtryggð lán þá mega vextir á lántökum MSN ekki fara upp fyrir 3,2% til 3,4% fyrir verðtryggð lán og 8,2 til 8,4% fyrir óverðtryggð lán. Ef það gerist er komið vaxtaójafnvægi hjá MSN og ríkissjóður þarf að bæta sjóðnum það ójafnvægi fyrr eða síðar. Miðað við núverandi vaxtaumhverfi er slíkt fjarlægur möguleiki, engu að síður er ekki hægt að útiloka að vextir í framtíðinni kunni að hækka þannig að reyna myndi á slíkt þak sem þýðir niðurgreiðsla á námslánnum af hálfu ríkissjóðs. Því er ákvæði í lögnum um heimild ráðherra til að grípa inn og veita niðurgreiðslu á námslánnum. Gera má ráð fyrir að 10 bp (0,10%) í vaxtaójafnvægi kosti sjóðinn um 100 m.kr. árlega m.v. 100 ma.kr. útlánasafn.

Vaxtakostnaðurinn reiknast út frá lánsfjárförf sjóðsins að teknu tilliti til endurgreiðslna vegna 30% niðurfellingar námslána. Til þess að geta svarað spurningunni um áhættu ríkissjóðs ef sett yrði vaxtaþak á vexti námslána þ.e. 4% á verðtryggð lán og 9% á óverðtryggð lán þá þarf að gefa sér ákveðnar forsendur sem erfitt er að spá fyrir um. Þær eru aðallega tvær. Í fyrsta lagi hvernig heildarstaða útistandandi lána til námsmanna muni þróast á næstu árum og áratugum. Í öðru lagi er síðan óvissan um hvernig vaxtaumhverfið muni þróast langt fram í tímann. Eftir því sem veitt lán til námsmanna verða hærri og vaxtakjörin verða hærri en áður nefnt þak því meira þarf ríkissjóður að leggja til vegna niðurgreiðslu til námsmanna. Að lokum er óvissa um hvernig afföll af námslánnum muni þróast í framtíðinni. Hægt er að stilla upp nokkrum dæmum til viðmiðunar. Útlánasafn LÍN var skv. ársreikningi fyrir árið 2018 um 239 ma.kr. Í meðfylgjandi töflu er stillt upp nokkrum dæmum sem gefur þá vísbindingu um kostnaðinn sem gæti fallið á ríkissjóð ef ákveðið væri að festa vaxtaþakið við 4% verðtryggt. Í töflunni er miðað við verðtryggða vexti en hægt er að beita svipaðri aðferðarfræði fyrir óverðtryggða vexti.

Árlegur lántökukostnaður sem fellur á ríkissjóð			
	Útistandandi lánveitingar menntasjóðsins á hverjum tíma		
Árl. vextir námslána	100 ma.kr.	200 ma.kr.	300 ma.kr.
3,3%	0	0	0
3,4%	100 m.kr.	200 m.kr.	300 m.kr.
4,0%	700 m.kr.	1.400 m.kr.	2.100 m.kr.
5,0%	1.700 m.kr.	3.400 m.kr.	5.100 m.kr.
6,0%	2.700 m.kr.	5.400 m.kr.	8.100 m.kr.

Ef ákveðið er að setja vaxtaþak á lánveitingar sjóðsins og útlánasafnið og vaxtakjör sem taka mið af lánakjörum ríkissjóðs á markaði þróast með framangreindum hætti þá má áætla að niðurgreiðsla ríkissjóðs með námslánakerfinu geti orðið með framangreindum hætti. Rétt er að hafa í huga að um breytilega vexti er að ræða þannig að þessar tölur geta sveiflast frá einum tíma til annars. Einnig yrði MSN að gæta að því að innheimta frá ríkissjóði mánaðarlega vaxtagreiðslur sem færu upp fyrir skilgreinda vaxtaþakið þar sem ekki væri hægt að rukka lánþega um þá vexti.

3. Þá einnig verður ríkisábyrgð á þessum lánum líkt og er á LÍN lánum?

Lán endurlána ríkissjóðs til Menntasjóðs námsmanna eru með eigendaábyrgð ríkissjóðs, enda báðar stofnanir í eigu ríkissjóðs. Greiðslufall Menntasjóðs á lánum frá endurlánum ríkissjóðs er því í raun ekki möguleg sviðsmynd.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 4. mars 2020.